

Umhverfisstefna Mosfellsbæjar  
2019-2030



MOSFELLSBÆR



## INNGANGUR

Mosfellsbær er um 11.000 manna bæjarfélag sem vaxið hefur ört undanfarin ár. Íbúafjöldgun er ein sú mesta á landinu, enda virðist eftirsóknarvert að búa í grænum bæ með ríka tengingu við náttúru og útivist, og þá blöndu borgarsamfélags og sveitar sem þar er að finna.

Bærinn er í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og er um 220 ferkílómetrar að stærð, og státar af víðáttumiklum náttúrulegum svæðum með fell, heiðar, vötn og strandlengju.



## TILGANGUR

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar ákvað í árslok 2017 að setja fram metnaðarfulla stefnu um hvernig Mosfellsbær skuli þróast á sjálfbæran og framsækinn hátt á næstu árum og áratugum. Markmiðið er að í Mosfellsbæ byggist upp til framtíðar enn sterkara og heilbrigðara samfélag öllum til heilla. Lögð er áhersla á sérstöðu og sjálfstæði bæjarfélagsins en einnig á stöðu bæjarins og hlutverk í samfelldri byggð höfuðborgarsvæðisins.

Lögð er áhersla á að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna endurspeglast í umhverfisstefnu bæjarins.

Tilgangurinn með umhverfisstefnu er margþættur, m.a.:

- auka umhverfisvitund íbúa
- stuðla að heilsusamlegra samfélagi
- auka lífsgæði íbúa
- tryggja hreina og óspillta náttúru
- hvetja til aukinnar útivistar
- hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi í starfsemi bæjarins

## VINNA AÐ SJÁLFBÆRNI

Mosfellsbær er annþ um umhverfi sitt og hefur unnið örtulega að sjálfbærnimarkmiðum á undanförunum árum.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti í janúar 2001 framkvæmdaáætlun um sjálfbæra þróun fyrir sveitarfélagið, Staðardagskrá 21, ásamt því að undirrita svokallaða Ólafsvíkuryfirlýsingu og hafa þar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi við ákvarðanatöku sína.

Mosfellsbær hlaut viðurkenningu fyrir útgáfu á Sólargeislanum, fréttabréfi um Staðardagskrá 21 í Mosfellsbæ og Staðardagskrárverðlaunin 2001.

Árið 2008 var ákveðið að ráðast í heildar endurskoðun á Staðardagskrá 21 fyrir Mosfellsbæ.

Stefnumótun Mosfellsbæjar um sjálfbært samfélag til 2020 var samþykkt í ágúst 2009, ásamt framkvæmdaáætlun þar sem fram kom listi yfir fjölda verkefna er snúa að sjálfbærri þróun, og árlegum verkefnalista sem unnin skyldi í samráði við nefndir og stofnanir bæjarins, þar sem fram koma tímasett og mælanleg markmið.

Stefnan var vel kynnt og gerð aðgengileg íbúum á heimasíðu bæjarins og bæklingi hvert heimili í bænum.

Mosfellsbær hefur einnig tekið þátt í ýmsum verkefnum um sjálfbærni. Þar má nefna þátttöku í norrænu samstarfsverkefni um sjálfbærni og uppbyggingu betri miðbæja og íbúalýðræði (Attractive Nordic Towns), sem hófst haustið 2017 og stendur til 2019.

Mosfellsbær ákvað í lok árs 2017 að hefja vinnu við endurskoðun á nýrri umhverfisstefnu fyrir Mosfellsbæ. Lögð var áhersla á að umhverfisstefnan yrði unnin í góðu samráði við íbúa Mosfellsbæjar og endurspegladi þau markmið um sjálfbæra þróun sem kæmu fram í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Vinna við nýja umhverfisstefnu hófst í ársbyrjun 2018 undir leiðsögn umhverfisnefndar í samstarfi við umhverfissvið Mosfellsbæjar.

Í þeirri vinnu var það að til opins íbúafundar um umhverfismál í mars 2018 þar sem kallað var eftir áherslum íbúa varðandi umhverfismál og sjálfbærni í Mosfellsbæ. Sú vinna fór fram í vinnustofu undir handleiðslu ráðgjafa frá KPMG-~~eg~~, Vinnan tókst vel, og margar góðar hugmyndir komu þar fram. Unnið var með eftirfarandi áhersluflokka og fengu fundargestir það verkefni að setja fram sínar hugmyndir að markmiðum, mikilvægustu aðgerðum til að ná þeim markmiðum og hvað íbúar sjálfir gætu gert til að hrinda þeim markmiðum í framkvæmd. Niðurstöður fundarins um áherslur voru:

Skógrækt og landgræðsla

Útivist og lýðheilsa

Vatnsvernd og náttúruvernd

Mengun, hljóðvist, loftgæði og samgöngur

Umhverfisfræðsla

Endurvinnsla, neysla og græn innkaup

Reynt er að taka tilliti til þeirra áherslna sem fram komu á opna íbúafundinum við gerð umhverfisstefnunnar.

**Commented [KÝP1]:** Ólafsvíkuryfirlýsing – hver er hún ? vita allir um hvað þetta er ? spurning hvort að það megi bara sleppa þessari setningu alveg, mér finnst henni ofaukið

**Commented [KÝP2]:** Ég myndi orða þetta svona, bæklingur sendur á hvert heimili í bænum

**Commented [KÝP3]:** hér myndi ég hafa 2018 hjá umhverfisnefnd, og í samstarfi við umhverfissvið Mosfellsbæjar

**Commented [KÝP4]:** í þeirri vinnu var opinn íbúðarfundur

**Commented [KÝP5]:** mikilvægur aðgerðir

**Commented [KÝP6]:** sleppa þessu orði

**Commented [KÝP7]:** ég myndi setja þetta smartara upp með bollum fyrir framan og stilla upp eftir málaflokkunum

- Umhverfisfræðsla
- Skógrækt og landgræðsla
- Samgöngur
- Útivist og lýðheilsa
- Mengun, Hljóðvist og loftgæði
- Neysla og Úrgangur
- Náttúruvernd og Vatnsvernd
- Dýrahald og Landbúnaður
- 

**Commented [KÝP8]:** Sleppa þessum texta, það kom fram ofar að unnið var með hugmyndir fólksins á opna íbúðarfundinum. Allavegana mín skoðun að reyna að stitta pínulítið þennan texta svo á þessari forsiðu svo hann verði auðlesinn

## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Við gerð umhverfisstefnu Mosfellsbæjar voru höfð til hliðsjónar **heimsmarkmið** Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og þau verkefni sem falla undir þau. Í hverjum kafla er gerð sérstaklega grein fyrir því hvaða kafla heimsmarkmiðana er **sérstaklega** horft til.

Sérstaklega er horft til 11 kafla heimsmarkmiðana sem snúa að sjálfbærni sveitarfélaga, skipulagi þeirra og uppbyggingu, **en** einnig koma margir fleiri kaflar markmiðanna við sögu.

**Commented [KÝP9]:** Vantar bi og er ekki stór stafur í Heimsmarkmið ?! til hliðsjónar Heimsmarkmið

**Commented [KÝP10]:** vantar ekki í hér á milli

**Commented [KÝP11]:** sleppa sérstaklega hafa bara horft til því það kemur líka sérstaklega beint fyrir neðan og er það nóg























**Commented [KÝP12]:** sleppa en því er of aukið

Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og undirflokkar þess ?

**Commented [KÝP13]:** á að taka fram hversu mörg heimsmarkmiðin eru og hversu margir undirflokkar eru man ekki alveg töluana á undirmarkmiðunum voru þau 148 ?



Hér að neðan má sjá tengingar hvers málaflokk í umhverfisstefnunni við aðalflokka Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun:

1. UMHVERFISFRÆÐSLA				
2. SKÓGRÆKT OG LANDGÆÐI				
3. SAMGÖNGUR				
4. ÚTIVIST OG LÝÐHEILSA				
5. MENGUN, HLJÓÐVIST OG LOFTGÆÐI				
6. NEYSLA OG ÚRGANGUR				
7. NÁTTÚRUVERND OG VATNSVERND				
8. DÝRAHALD OG LANDBÚNAÐUR				

Sérstaklega verður horft til neðangreindra undirmarkmið heimsmarkmiðanna, þar sem þau tengjast sérstaklega þeim markmiðum sem sett eru fram í umhverfisstefnunni:

**Commented [KÝP14]:** sleppa sérstaklega því er ofaukið að mínu mati

**Ath.**

**Commented [TGG15]:** Unnar Karl: Væri hægt að setja þetta í viðauka/itafeni eða aftast? Þetta er mikilvæg tenging en of ítarlegt fyrir hinn almenna lesanda



3.6 Eigi síðar en árið 2020 verði búið að ná fjölda dauðsfalla og alvarlega slasaðra vegna umferðarslysa niður um helming á heimsvísu.

3.9 Eigi síðar en árið 2030 verði komið í veg fyrir, svo um munar, dauðsföll og veikindi af völdum hættulegra efna og loft-, vatns- og jarðvegsmengunar.

*Vakin er athygli á að markmiðið fjallar um heilbrigðisþjónustu og dauðsföll frekar en útvist og umhverfi.*



4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.



6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óæskilega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.

6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.



11.2 Eigi síðar en árið 2030 geti allir ferðast með öruggum sjálfbærum samgöngutækjum á viðráðanlegu verði á bættu vegakerfi. Lögð verði áhersla á betri almenningssamgöngur sem taka mið af fólki í viðkvæmri stöðu, konum, börnum, fötlðu fólki og öldruðum.

11.3 Eigi síðar en árið 2030 verði fjölgun í þéttbýli sjálfbær og íbúar alls staðar í heiminum taki meiri þátt í skipulagsmálum og samkomulagi um sjálfbærni.

11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins

11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.

11.7 Eigi síðar en árið 2030 verði græn svæði gerð örugg og aðgengileg fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk.

11.a Stutt verði við jákvæð efnahags-, félags- og umhverfisleg tengsl milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísu og innan svæða.



12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.

12.3 Eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um helming á hvern einstakling um heim allan. Nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum verði bætt, þ.m.t. við uppskeru.

12.4 Eigi síðar en árið 2020 verði meðferð efna og efnablandna umhverfisvænni á öllum stigum, sem og meðhöndlun úrgangs með slíkum spilliefnum, í samræmi við alþjóðlegar rammaáætlanir sem samþykktar hafa verið. Dregið verði verulega úr losun efna og efnablandna út í andrúmsloftið, vatn og jarðveg í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif á heilsu manna og umhverfið.

12.5 Eigi síðar en árið 2030 hafi forvarnir, minni úrgangur, aukin endurvinnsla og endurnýting dregið verulega úr sóun.

12.6 Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.

12.7 Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsröðun.

12.8 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að fólk um allan heim sé upplýst og meðvitað um sjálfbæra þróun og hvernig það getur lifað í sátt við náttúruna.



13.1 Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.

13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.

13.3 Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingum, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörðunum.



14.1 Eigi síðar en árið 2025 verði verulega dregið úr og komið í veg fyrir hvers kyns mengun sjávar, einkum frá starfsemi á landi, þ.m.t. rusli í sjó og mengun af völdum næringarefna.

14.2 Eigi síðar en árið 2020 verði gengið vel um vistkerfi sjávar og stranda og þau vernduð á sjálfbæran hátt til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum og njóta ábatans.



15.1 Eigi síðar en árið 2020 verði vistkerfi á landi og í ferskvatni vernduð og stuðlað að sjálfbærri nýtingu þeirra og endurheimt, einkum skóga, vottendis, fjallendis og þurrkasvæða, í samræmi við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum.

15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.

15.3 Eigi síðar en árið 2030 verði barist gegn eyðimerkurmyndun, leitast við að endurheimta hnignandi land og jarðveg, þ.m.t. land sem er raskað af eyðimerkurmyndun, þurrkum og flóðum, og unnið að því að koma á jafnvægi milli hnignunar og endurheimtar lands í heiminum.

15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.

15.8 Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.



## STEFNUR

Endurskoðun á umhverfisstefnu Mosfellsbæjar tengist beint þeirri stefnumótun sem fram fór hjá Mosfellsbæ árið 2008. Að þeirri vinnu komu starfsmenn Mosfellsbæjar, kjörnir fulltrúar og íbúar sveitarfélagsins og var í stefnumótunarskýrslu sem lögð var fram í lok stefnumótunar sett fram eftirfarandi framtíðarsýn:

- Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi.
- Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð eru ávallt höfð að leiðarljósi.
- Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar er skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi.
- Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.

Í stefnumótuninni voru skilgreind gildi Mosfellsbæjar, sem eiga að vera leiðarljós í allri starfsemi sveitarfélagsins; **jákvæðni, virðing, umhyggja og framsækni.**

Hlutverk Mosfellsbæjar sem sveitarfélags var skilgreint á eftirfarandi máta:

**“Mosfellsbær er framsækið sveitarfélag sem ræktar vilja og virðingu”.**

**Commented [KÝP16]:** sleppa hæfra einstaklinga þetta er skringilega orðað, hafa bara eftirsóknarverður vinnustaður þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu





## UPPBYGGING UMHVERFISSTEFNU

Umhverfisstefna Mosfellsbæjar er nokkurs konar regnhlíf yfir hinum ýmsu stefnum bæjarfélagsins sem snúa að umhverfismálum og sjálfbærni. Málaflokkarnir eru eftirfarandi.

1. Umhverfisfræðsla
2. Skógrækt og landgæði
3. Samgöngur
4. Útivist og lýðheilsa
5. Mengun, hljóðvist og loftgæði
6. Neysla og úrgangur
7. Náttúruvernd og vatnsvernd
8. Dýrahald og landbúnaður

Þar eru sett fram markmið í hinum ýmsu málaflokkum og tilgreindar þær leiðir eða verkefni sem stuðla geti að því að þeim markmiðum verði náð.

## SÝN / YFIRMARKMIÐ

Mosfellsbær vill vera í fremstu röð sveitarfélaga hvar varðar sjálfbæra þróun, og mun því leitast við að vera framsækið, umhverfisvænt og nútímalegt bæjarfélag sem býður upp á fjölbreytileika.

Commented [KÝP17]: á þetta ekki að vera hvað varðar ?

# 1. UMHVERFISFRÆÐSLA



## Yfirmarkmið

Umhverfisvitund bæjarbúa verði aukin til að bæta lífsgæði og vernda náttúru með því að umgangast umhverfi og náttúru af þekkingu og virðingu.

Commented [KÝP18]: veit ekki hvort er rétt að segja náttúru eða vernda náttúruna

## Markmið

- Íbúar þekki umhverfi bæjarins og umgangist náttúru af nærgætni og þekkingu.

Commented [KÝP19]: náttúruna að nærgæti en ekki náttúru af nærgætni

## Leiðir að markmiðum

- Fræðsluefni um náttúru Mosfellsbæjar verði aðgengilegt íbúum.
- Upplýsingar um umhverfismál verði aðgengilegt íbúum.
- Boðið verði uppá fræðslufundi og viðburði í samráði við félagasamtök um umhverfisvernd og útvíst.
- Fyrirtæki verði hvött til að bera virðingu fyrir umhverfinu og sýna ábyrgð í umhverfismálum, t.d. með því að setja sér stefnu í umhverfismálum.
- Mosfellsbær hafi frumkvæði að fræðslu um loftslagsmál, sjálfbærni og ábyrga neyslu.

Commented [KÝP20]: verði aðgengilegt fyrir íbúa

## Markmið

- Lögð verði áhersla á margþætta umhverfisfræðslu til barna og ungmenna í skólum og vinnuskóla Mosfellsbæjar, með sjálfbærni og umhverfisvitund að leiðarljósi.

## Leiðir að markmiðum

- Mosfellsbær stuðli að uppsetningu útikennsluvæða í nágrenni skóla.
- Fræðsla um loftslagsmál, sjálfbærni og önnur umhverfismál verði hluti af kennslu í skólum bæjarins.
- Útbúið verði kynningarefni um umhverfismál fyrir vinnuskólann

## 2.SKÓGRÆKT OG LANDGÆÐI



### Yfirmarkmið

Að tryggja skynsamleg og hagkvæma landnýtingu og landgæði, með áherslu á uppbyggingu skógræktarsvæða og verndun líffræðilegrar fjölbreytni og uppbyggingu vistkerfa.

### Markmið

- Að skógrækt í Mosfellsbæ verði með ábyrgum og skipulögðum hætti í sátt við umhverfi og íbúa. Skógur verði í meira mæli nýttur sem skjólgróður og skógræktarsvæði verði opin almenningi til útvistar.

### Leiðir að markmiðum

- Unnið verði að plöntun á skjólgróðri á völdum svæðum í bænum til að auka lífsgæði íbúa.
- Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar verði í samstarfi við skógræktarfélagið og almenning við grísjun, stígagerð og viðhald skógarsvæða.
- Upplýsingar um starf og áætlanir Skógræktarfélags Mosfellsbæjar verði kynnt fyrir umhverfisnefnd Mosfellsbæjar árlega.
- Haldnir verði fræðslufundir fyrir bæjarbúa um skógræktarmál í samstarfi við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar.
- Unnið verði grænt skipulag fyrir Mosfellsbæ og gera að veigamiklu þætti í aðalskipulagi bæjarins.


Commented [KÝP21]: vantar S í endann - viðhalds skógarsvæða

### Markmið

- Komið verði í veg fyrir skemmdir á landsvæðum og unnið verði að uppgræðslu örfoka mela. Stefnt verði að endurheimt votlendis og birkiskóga.

### Leiðir að markmiðum

- Aukin áhersla verði sett á uppgræðslu örfoka lands og að draga úr jarðvegsrofi.
- Samstarf verði aukið við Landgræðsluna um uppgræðslu lands.
- Unnið verði að því að koma í veg fyrir landbrot af völdum fallvatna.
- Unnið verði að endurheimt mikilvægra vistkerfa eins og votlendis og birkiskógar þar sem þess er kostur.

- 
- Reglur Mosfellsbæjar um framkvæmdir á viðkvæmum svæðum í Mosfellsbæ verði aðgengilegar á heimasíðu bæjarins.
  - Mosfellsbær vinni að því að kolefnisjafna starfsemi sína eins og kostur er.
  - Mosfellsbær styðji við og stuðli að kolefnisjöfnun fyrirtækja og stofnana með samstarfi við Kolvið og skógræktarfélagin.

### Markmið

- Sjálfbær landnýting innan sveitarfélagsins. Komið verði í veg fyrir ofbeit á grónu landi og unnið verði að eyðingu ágengra plöntutegunda.

### Leiðir að markmiðum

- Fram fari fagleg úttekt á ástandi beitarhólfa og beitarlanda í Mosfellsbæ.
- Unnið verði skipulega að því að slá lúpínu og skógarkerfil í sveitarfélaginu til að hindra útbreiðslu á viðkvæmum svæðum, útivistarsvæðum og opnum svæðum í byggð, og í samráði við landeigendur.
- Íbúar og landeigendur verði hvattir til þess að nýta land á sjálfbæran máta og koma í veg fyrir ofbeit.

## 3.SAMGÖNGUR



### Yfirmarkmið

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með uppbyggingu vistvænna samgangna. Hlutur almenningssamgangna verði aukin, hjólreiðar verði raunverulegur valkostur og stutt verði við orkuskipti í samgöngum. Áhersla verði á umferðaröryggi.

### Markmið

- Aukin áhersla verði á vistvænar samgöngur og að auka hlut almenningssamgangna.

### Leiðir að markmiðum

- Tryggt verði að öll hverfi í sveitarfélaginu hafi góðan aðgang að almenningssamgöngum.
- Við skipulag hverfa og svæða verði sérstaklega hugað að aðgengi að vistvænum samgöngum og hjólreiðastæðum.
- Mosfellsbær taki virkan þátt í Evrópsku Samgönguvikunni og Bíllausa deginum, sem haldin eru ár hvert.

### Markmið

- Lögð verði áhersla á að tryggja gott göngu- og hjólastíganet í sveitarfélaginu með áherslu á umferðaröryggi.

### Leiðir að markmiðum

- Unnið verði að fjölgun göngu- og hjólreiðastíga og viðhaldi núverandi stíga.
- Við skipulagningu göngu- og hjólreiðastíga verði hugað að skjólmyndun og hjóðvistarmálum.
- Samræming í uppbyggingu lykilleiða og merkingum hjólreiðastíga verði í samráði við sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu .
- Skipulagðir verði hjólastígar samhliða uppbyggingu gatna og göngustíga í nýjum hverfum.
- Leitast verði við að aðskilja umferð hjólandi og gangandi með aðgreiningu stíga.
- Hugað verði að fjölgun gangbrauta eða undirganga við umferðapunga vegi.
- Hugað verði að viðhaldi göngu- og hjólreiðastíga, sérstaklega í eldri hverfum

**Commented [KÝP22]:** finnst þetta skýrtið orðað, frekar að stuðla að aukinnar notkunar almenningssamgangna

**Commented [KÝP23]:** vantar inni orð við skipulag nýrra hverfa

**Commented [KÝP24]:** Mosfellsbær taki áfram þátt

**Commented [KÝP25]:** Sleppa u haldin er ár hvert

**Commented [KÝP26]:** Vantar orð á milli.og sleppa net hafa frekar svona setningu gott aðgengi að göngu og hjólastígum í sveitarfélaginu

**Commented [KÝP27]:** vantar orð hér við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu



## Markmið

- Að bærinn verði þátttakandi í orkuskiptum í samgöngum og innviðir í sveitarfélaginu styðji við tækniþróun sem framundan er.

## Leiðir að markmiðum

- Stuðlað verði að uppbyggingu hleðslustöðva við stofnanir sveitarfélagsins og hugi að tenginum fyrir rafbíla í nýbyggingum á vegum bæjarins.
- Hugað sé að uppbyggingu innviða fyrir hleðslu á rafbílum í nýbyggingum og við endurbyggingu húsa, í samræmi við byggingareglugerð.
- Mosfellsbær hugi að því að koma sér upp vistvænum bílum og auka hlut vistvænna bíla í sinni starfsemi og þjónustu

**Commented [KÝP28]:** Sleppa ð stuðla verði að uppbyggingu

**Commented [KÝP29]:** Sleppa þessari setningu hugi að því að koma sér upp vistvænum bílum....hafa frekar Mosfellsbær auki hlut vistvænna bíla í sinni starfsemi og þjónustu

## 4. ÚTIVIST OG LÝÐHEILSA



### Yfirmarkmið

Stuðlað verði að útivist og heilsueflingu í sveitarfélaginu og að íbúar í Mosfellsbæjar hafi góðan aðgang að útivistarsvæðum og heilsueflandi þjónustu, sem leið til bættrar lýðheilsu

### Markmið

➤ Að allir íbúar hafi góðan aðgang að útivistarsvæðum með góðri aðstöðu.

### Leiðir að markmiðum

- Áfram verði unnið að uppbyggingu útivistarsvæða og auðveldu aðgengi fyrir alla.
- Reglulegt eftirlit fari fram með viðhaldi opinna leiksvæða í bænum.
- Mosfellsbær verði áfram virkur þátttakandi í verkefnum Heilsueflandi samfélag.
- Unnið verði að fjölgun bekkja og áningasvæða.
- Upplýsingar um gönguleiðir og fræðsluskilti verði aðgengileg íbúum.

### Markmið

• Aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru í Mosfellsbæ verði auðveldað.

### Leiðir að markmiðum

- Fjölgað verði merktum gönguleiðum, s.s. með stikum, fræðsluskiltum eða stígagerð.
- Hugað verði að uppbyggingu og viðhaldi gönguleiða á fjöllum.
- Upplýsingar um útivistarsvæði og fríðlýst svæði séu aðgengileg á heimasíðu bæjarins.
- Samstarf verði aukið með Reykjavíkurborg um viðhald og verndun Úlfarsfells sem útivistarsvæðis.

### Markmið

➤ Umhverfi Mosfellsbæjar verði fallegt og snyrtilegt.

### Leiðir að markmiðum

- Reglulega fari fram hreinsunaráttak í bænum þar sem opin svæði, stígar og götur eru hreinsuð. Íbúar, stofnanir og fyrirtæki hvött til að hreinsa til í sínu nærumhverfi.
- Íbúum verði gert kleift að taka svæði í fóstur til umhirðu og snyrtingar.
- Sérstakt eftirlit verði haft með umgengni á byggingasvæðum til að tryggja góðan frágang og koma í veg fyrir slyshættu.
- Áfram verði veittar umhverfisviðurkenningar í Mosfellsbæ fyrir góðan árangur í umhverfismálum.

**Commented [KÝP30]:** Breyta í gott aðgengi að útivistarsvæðum

Vantar ir inn í orðið - Sem leiðir til bættrar lýðheilsu

**Commented [KÝP31]:** Gott aðgengi að útivistarsvæðum og náttúru með góðri aðstöðu,

Mætti kannski vera líka hér og sleppa að neðan í makmiðum

**Commented [KÝP32]:** Má kannski sleppa þessu markmiði þar sem það er fyrir ofan markmið - að allir íbúar hafa gott aðgengi að útivistarsvæðum

**Commented [KÝP33]:** Götur eru hreinsaðar



## 5. MENGUN, HLJÓÐVIST OG LOFTGÆÐI



### Yfirmarkmið

Draga skal úr neikvæðum áhrifum mengunar í umhverfinu og komið í veg fyrir mengun í ám og vötnum.

### Markmið

- Að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar, hvort sem er í lofti, á láði eða legi.

### Leiðir að markmiðum

- Áfram fari fram gott samstarf við Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis vegna mengunar í umhverfinu og umgegni á opnum svæðum.
- Brugðist verði skjótt við öllum ábendingum eða vísbendingum um mengun.

### Markmið

- Lögð verði áhersla á öruggt og heilsusamleg loftgæði fyrir íbúa og dregið verði úr mengun frá bílaumferð.

### Leiðir að markmiðum

- Mælingar fari fram á loftgæðum í Mosfellsbæ.
- Götur og stígar verði hreinsaðir af fokefnum þegar ástæða er til, t.d. vegna framkvæmda.
- Almennungur verði hvattur til að draga úr notkun nagladekkja eins og kostur er.

### Markmið

- Dregið verði úr áhrifum umferðarhávaða á byggð.

### Leiðir að markmiðum

- Fram fari hljóðvistarmælingar við helstu stofnæðar í sveitarfélaginu.
- Hávaðakort fyrir þéttbýlissvæði verði uppfært reglulega og aðgerðaráætlun endurmetin í kjölfarið.
- Upplýsingar um hávaðamælingum verði hafðar til hliðsjónar við endurskoðun aðalskipulags, svo sem við afmörkun kyrrláttra svæða.

## 6. NEYSLA OG ÚRGANGUR



### Yfirmarkmið

Áhersla lögð á að draga úr myndun úrgangs, og aukna endurvinnslu og endurnýtingu, takmörkun á plastpokum, einnota vörum og matarsóun. Aukin áhersla verði á vistvæn innkaup og aðgengi að vistvænum vörum og vörum framleiddum í heimabyggð.

Commented [KÝP34]: Vantar ekki á milli verði...Áhersla verði lögð á

Commented [KÝP35]: Minka notkun á plastnotkun

### Markmið

- Aðgengi að vistvænum vörum verði aukið.

### Leiðir að markmiðum

- Mosfellsbær setji vistvæn innkaup á dagskrá í rekstri bæjarins.
- Fræðsla um vistvæn innkaup verði gerð aðgengileg almenningi og íbúar hvattir til að huga að neyslu.
- Fyrirtæki í Mosfellsbæ verði hvött til að bjóða vistvænar eða umhverfismerktar vörur og vörur framleiddar í heimabyggð.
- Mosfellsbær bjóði íbúum ~~matjurtagerða~~ [lilla landskika](#) til ræktunar á hagstæðu verði.

### Markmið

- Mosfellsbær stuðli að því að dregið verði úr notkun einnota plasti/vörum og matarsóun.

### Leiðir að markmiðum

- Fyrirtæki og íbúar í Mosfellsbæ verði hvött til þess að draga úr notkun á ~~plastpokum~~ [plasti og öðrum óumhverfisvænum umbúðum](#) í sinni starfsemi.
- Unnið verði með mótuneytum í stofnunum bæjarins að því að draga úr matarsóun.

### Markmið

- Unnið verði að þróun lausna í úrgangsstjórnun til hagsbóta fyrir íbúa.

### Leiðir að markmiðum

- Upplýsingar um grenndarstöðvar, gámastöðvar og aðrar flokkunarleiðir verði aðgengilegar fyrir almenning, s.s. á heimasíðu bæjarins.
- Unnið verði að fjölgun grenndargámastöðva í Mosfellsbæ.

## 7. NÁTTÚRUVERND OG VATNSVERND



### Yfirmarkmið

Lögð verði áhersla á vernd náttúru, friðlýsingu náttúrusvæða og aðgengi almennings að þeim. Tryggt verði aðgengi að hreinu neysluvatni.

### Markmið

- Lögð verði áhersla á vernd fellegrar, sérstakrar og ósnortinnar náttúru og áframhaldandi friðlýsingu náttúrusvæða.

### Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Lögð verði áhersla á verndun strandlengjunnar og leirunnar við Leiruvog.
- Unnið verði að friðlýsingu náttúrusvætta og gerð friðlýsingaráætlana í Mosfellsbæ.
- Upplýsingar um friðlýst svæði verði gerð aðgengileg almenningi í fræðsluefni, m.a. á heimasíðu bæjarins.

### Markmið

- Stuðla þarf að verndun Varmár, og annarra fallvatna og vatna í Mosfellsbæ sem mikilvægra útivistarsvæða í byggð.

### Leiðir að markmiðum

- Tekið verði tillit til hverfisverndar við framkvæmdir við ár og vötn, til verndunar á vatnasviði þeirra.
- Farið verði í varanlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir bakkarof í Varmá, og til að tryggja gott og öruggt aðgengi meðfram ánni.

### Markmið

- Aðgengi að hreinu vatni verði áfram tryggt.

### Leiðir að markmiðum

- Virkt effirlit verði haft með gæðum neysluvatns og mengunarmálum í vatnsbólum Mosfellsbæjar.

Commented [KÝP36]: Verndun fellegrar og ósnortinnar náttúru

Sleppa þessu orði finnst mér sérstakrar

Commented [KÝP37]: Sleppa og því er ofaukið



### Markmið

- Komið verði í veg fyrir mengun í regnvatnsfráveitu, ám og vötnum.

### Leiðir að markmiðum/Verkefni

- Brugðist verði strax við ábendingum og vísbendingum um hvers konar mengun í fráveitu.
- Upplýsingar um neikvæð áhrif mengunar í regnvatnsfráveitu verði gerðar aðgengilegur íbúum.
- Virkt effirlit verði haft með ástandi og hreinsun rotþróa í Mosfellsbæ.
- Við hönnun nýrra hverfa verði horft til blágrænna þfanvatnslausna.

**Commented [TGG38]:** Ólvir Karlsson: Væri ekki hægt að tala hérna um settjarnir hérna. T.d.: Settar verða upp settjarnir þar sem þerra er þörf.

## 8. DÝRAHALD OG LANDBÚNAÐUR



### Yfirmarkmið

Lögð verði áhersla á jákvæða upplifun dýrahalds í samræmi við lög og reglur.

### Markmið

- Ávallt verður lögð áhersla á velferð dýra. Við allt dýrahalð verði lögð áhersla á velferð elýra.

### Leiðir að markmiðum

- Dýraæfriti smáður. Dýraæfritið Mosfellsbæjar / Mosfellsbær tilkynni alla slæma meðferð á dýrum til Matvælastofnunar sem fer með málefni dýravelferðar.
- Gildandi Reglur um hundahald, kattahald, hæsnahald og kanínur. Dýrahalð skulu vera verði aðgengilegar á heimasíðu Mosfellsbæjar.
- Unnið verði að takmörkun á fjölgun refa, minka æg-vargfugla og meindýra í sveitarfélaginu með aðstoð meindýraeyða.

### Markmið

- Landbúnaður verði í sátt við umhverfið og náttúruna, og í samræmi við græna ímynd bæjarfélagsins

### Leiðir að markmiðum

- Vakin verði athygli á kostum dreifbýlis í Mosfellsbæ með áherslu á græna ímynd og tengsl við náttúruna.
- Tryggja þarf að frágangur rotþróa og hreinsibúnaðar í dreifbýli sé fullnægjandi til að koma í veg fyrir mengun í ám og vötnum.
- Áburðargjöf verði í samræmi reglur um dreifingartíma og fyrirkomulag, í samráði við Heilbrigðiseffirlit Kjósarsvæðis.

**Commented [TGG39]:** Ólvir Karlsson: Verður þetta alltaf ein staða? Einnig er í lagi að reyna að nota ekki orðið menn of mikið.

**Commented [TGG40]:** Kannski best að hafa bara Mosfellsbær, ótengt embætti

**Commented [TGG41]:** Ólvir Karlsson: Af hverju bara þessi dý?

**Commented [KÝP42]:** Spornað verði við fjölgun refa

**Commented [KÝP43]:** Er þetta ekki á röngum stað ? á kanski heima meira hjá náttúrvernd og vatnsvernd